

Hægt er að tengjast við Linksys WAG54G beininn bæði þráðlaust eða með netkapli í netkort tölvunnar. Stilla þarf tölvuna þannig að hún sækji sjálfkrafa IP tölu (Optain an IP Address Automatically). Mismunandi er eftir stýrikerfum hvernig það er gert en hægt er að nálgast þetta í **Properties** fyrir **Internet Protocol (TCP/IP)**.

Win 98

Start -> Settings -> Control Panel -> Network -> Hægrismella á TCP/IP og velja Properties

Win 2000


Start -> Settings -> Network and Dial-up Connections -> Hægrismella á Local Area Connection og velja Properties -> Hægrismella á TCP/IP og velja Properties

Win XP

Start -> Control Panel -> Network and Internet Connections -> Smella á Network Connections -> Hægrismella á Local Area Connection og velja Properties -> Hægrismella á TCP/IP og velja Properties

Uppsetning á Linksys WAG54G þráðlausum beini

- 1) Opna vafrann og sláið inn í Address "http://192.168.1.1" Svo þarft þú að slá inn notendanafnið **admin** og lykilorð **admin**.
- 2) Þá opnast vefviðmótið sem lítur svona út



- 3) Hér breytir þú *Encapsulation* í **RFC 2516 PPPo E**

Uppsetning Linksys WAG54G þráðlausum beini

- 4) Hér lætur þú inn eftirfarandi stillingar:
VPI= **0** og VCI = **33**
og svo er Multiplexing stillt á **VC**.

ATH!! Á eldri tengingum geta þessar stillingar átt við:

Encapsulation = **RFC2364 PPPoA**

VPI = **0**

VCI = **35**

Multiplexing = **VC**

- 5) Síðan lætur þú inn adsl notandanafn í “username” og lykilorð í “password”
6) Þar sem stendur “**Keep Alive**” hakið þar við, og smellið loks á “**save settings**” og þá á beinirinn að tengjast okkur, og uppsetningu hans þar með lokið

Öryggisstillingar á Linksys WAG54G þráðlausum beini

Ef þið viljið læsa routernum fyrir óboðnum gestum, þá er það gert á eftirfarandi hátt


- 1) Smellið á Wireless og svo Wireless Network Access.



- 2) Veljið svo “restrict Access” Þessi stilling læsir routernum fyrir öllum óviðkomandi.



3) Veljið hér “Permit Only”



4) Og þarna fyrir neðan eru ritaðar þær mac addressu tölur sem að þú villt að komist inn á þráðlausa netið

Til að komast að því hvaða mac addressu þráðlausa netkortið þitt hefur þá er hægt að gera það á eftirfarandi hátt

Win2000 & XP = Start → Run → slá þar inn cmd og ýta á OK. Skrifa skal þar inn **ipconfig /all** og í upptalningu undir “Ethernet Adapter Wireless Network Connection” stendur **Physical Address** sem er MAC talan þín.

Win98 & ME = Start → Run → slá þar inn command of ýta á OK. Skrifa skal þar inn **ipconfig /all** og í upptalningu undir “Ethernet Adapter Wireless Network Connection” stendur **Physical Address** sem er MAC talan þín

Þegar þessu er lokið skal smella á “Save changes” neðst og þá er beinirinn læstur

- *Ef þú býrð á svæðum þar sem Vodafone hefur ekki komið upp sínum eigin búnaði þarftu að breyta **VPI** í 8 og **VCI** í 48 í lið nr.4 og hafa **@internet.is** á eftir notendanafninu í lið nr. 6.
- Eru smásiur á öllum sínum og snúa þær rétt?
- Er netsnúra (USB snúra eða netkapall) frá router til tölvu í lagi og rétt tengd?
- Er símasnúra frá vegg tengli til beinisins í lagi og tengd í réttan tengil?
- Athugaðu að smásían á ekki að vera á símasnúrunni sem liggur að beininum.
- Ef þú færð ekki netsamband eftir að þú hefur gengið úr skugga um að þetta sé í lagi, hafðu þá samband við Vodafone í síma **1414** eða sendu tölvupóst til dsl@vodafone.is með greinagóðum skýringum á vandamálinu.

Gangi þér vel og góða skemmtun á Internetinu.
Starfsfólk Vodafone